

89 sje fyrir fram fengið til fyrirtækis þess, sem um er að ræða. Samfara því, sem sam-
 25. maí. þykkið er veitt, ákveður landshöfðingi, að svo miklu leyti sem hann eptir ástæðum á-
 litur rjett að styrkja fyrirtækið, skilyrðin fyrir framkvæmd fyrirtækisins, og hversu
 mikill styrkurinn skuli vera, sem til þess verði veittur úr umboðssjóði. Styrkurinn á,
 þegar á allt er litið, ekki að vera meiri en svo, að hann svari helming af kostnaði
 þeim, sem leiðir af hinu umrædda fyrirtæki, en þó má veita, ef sjerlegar ástæður mæla
 með því, allt að $\frac{3}{4}$ kostnaðarins. Alstaðar, þar sem styrkur er veittur, ber að hækka
 landskuldina, eptir því sem landshöfðingi nákvæmar tiltekur að minnsta kosti með 4 af
 hundraði þeirrar upphæðar, sem veitt er í styrk. Að svo miklu leyti sem slíkar jarða-
 bætur hafa verið unnar af leiguliða, án þess þar til hafi verið útvegað samþykki lands-
 höfðingja, verður að gjöra út um það eptir hinum almennu lögum, hvort honum verði
 veitt endurgjald úr umboðssjóði.

7. Umboðsmennirnir skulu skyldir til að hafa nákvæmt eptirlit með byggingar-
 skilmálum þeim, sem ákveðnir eru fyrir hverja einstaka þjóðjörð, og einkum ber þeim að
 minnsta kosti einu sinni á ári að koma á hverja þá umboðsjörð, sem þeir hafa umsjón
 með, sem og senda amtmanni fyrir janúarmánaðar lok skýrslu um eptirlit það, sem þeir
 þannig hafi haft hið liðna ár, og á sú skýrsla einkum að hljóða um þau jarðabótastörf,
 sem leiguliðar hafa unnið samkvæmt byggingarbrjefunum, sem og allt það, sem getur
 verið áriðandi að vita, til þess að geta haft rjetta hugmynd um ástand umboðsjarðanna
 að öllum jafnaði.

Loksins læt jeg ekki hjá liða þjónustusamlega að bæta því við til þóknanlegrar
 leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að jeg samkvæmt tillögum yðar þar að lútandi fellst
 á, að eptirleiðis verði gjörður sameiginlegur umboðsreikningur fyrir hvert af neðannefnd-
 um umboðum:

a, Kirkjubæjarklaustur með Flögujörðum og Þykkvabæjarklaustri;
 b, Arnarstapa og Skógarstrandarumboð;
 c, Munkaþverárklosturs vestra og nyrðra hluta,
 og eiga þau, eins og hingað til, að heyra undir sama umboðsmann, og að undir eins
 og kringumstæðurnar leyfa það, neðannefndar fyrverandi spítalajarðir leggist saman við
 umboð þau, er nú skal greina:

1. Hörgsland saman við umboð það, sem nefnt er undir a að framan.
2. Hallbjarnareyri saman við umboð það, sem nefnt er undir b að framan.
3. Möðrufell við umboð það, sem nefnt er undir c að framan.

90 — Brjef landshöfðingja til landfógeta um lán handa stiptyfirvöldunum. —
 27. maí. Eptir beiðni stiptyfirvaldanna samþykkist hjer með, að þeim verði í næstkomandi júní
 gjalddaga veitt 500 kr. lán úr landssjóði til þess að endurbæta með þessu fje íbúðar-
 húsin á prestssetrinu Torfastöðum í Árnessýslu og með þeim skilyrðum, að lánið verði
 endurborgað á 10 árum með 50 kr. árlega, í fyrsta sinn í 11. júní gjalddaga 1881, og
 að þar að auki verði greiddir 4% ársvextir af því af láninu, sem í hvert sinn er óborgað.

Þetta er tjáð yður, herra landfógeti, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og eruð þjer
 beðnir að sjá um, að gefið verði út, þegar lánsins er vitjað, reglulegt skuldabrief fyrir
 því með hliðsjón af hjálögðu uppkasti til slíks brjefs.